

Sþ. 205. Tillaga til þingsályktunar [138. mál]

um sjálfvirka símstöð á Siglufirði og bættu símaþjónustu við Siglufjörð.

Flm.: Einar Ingimundarson, Jón Þorsteinsson, Björn Pálsson, Gunnar Jóhannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að nú þegar verði gerðar ráðstafanir til að koma upp fullkominni símaþjónustu á Siglufirði og milli Siglufjarðar og annarra landshluta. Verði í því skyni þegar á næsta ári hafizt handa um að reisa fyrirhugað símstöðvarhús þar og verði gerð þess miðuð við það, að þar verði starfrækt sjálfvirk símstöð fyrir kaupstaðinn, og upp verði komið fullkomnu langlínusambandi milli Siglufjarðar og annarra landshluta.

Greinargerð.

Hús það, sem póstur og sími hafa nú aðsetur í á Siglufriði, er orðið margra áratuga gamalt og úr sér gengið á ýmsan hátt, enda í upphafi miðað við allt aðrar þarfir en nú eru fyrir hendi um alla þjónustu. Af þessum annmörkum stafar það, að símaþjónustan í kaupstaðnum er hvergi nærri með þeim hætti, sem gera má kröfur til. Er ekki með þessu að neinu leyti varpað rýrð á starfsfólk póst og síma á staðnum, enda er slíkt ástæðulaust, en starfsskilyrði eru orðin mjög slæm í símstöðvarhúsinu vegna þrengsla og ófullkomins búnaðar. Mun vera óhætt að fullyrða, að starfsskilyrði fyrir póst og síma séu nú orðið hvergi eins bágborin í hinum stærri kaupstöðum landsins eins og á Siglufirði. Er því mjög miður farið að áliti flm., þar sem annir við þessa starfsemi eru þar gífurlegar á sumrin vegna aðstreymsis fólks um síldveiðitímann.

Um nokkurt skeið mun það hafa verið í ráði hjá forráðamönnum landssímans að reisa nýtt og stærra hús fyrir póst og síma á Siglufirði. Telja flm. það óviðunandi, að framkvæmdir við þá húshyggingu verði látnar dragast öllu lengur. Eðlilegt virðist og sjálfsagt, að gerð hússins verði við það miðuð, að þar verði komið upp sjálfvirkri símstöð fyrir kaupstaðinn í náninni framtíð, enda ekki vitað, að þá yrðu neinir tæknilegir örðugleikar á uppsetningu og rekstri slíkrar símstöðvar, er húsið væri komið upp.

Loks er þess að geta, að langlínusamband milli Siglufjarðar og annarra landshluta hefur um langt skeið verið ófullkomið, enda liggja til kaupstaðarins aðeins 4 línur (7 talrásir) og aðeins ein lína (2 talrásir) beint til Reykjavíkur. Stafa oft af þessu hin mestu vandræði, aðallega yfir annatímann á sumrin, eins og áður segir.

Telja flm. nauðsynlegt, að úr þessu verði einnig bætt hið bráðasta, svo að langlínusamband við Siglufjörð verði ekki á neinum tímum árs stórum lakara en við önnur byggðarlög á landinu.